

Þriðjudaginn 3. febrúar 1976.

Nr. 10/1975. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Verkamannasambands Íslands
vegna Verkalýðsfélagsins Rangæings
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Energoprojekt
(Einar Árnason hdl.)

Deilt um forgangsréttarákvæði í kjarasamningi.

Dómur.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. janúar 1976, er höfðað með stefnu útgefni 13. ágúst 1975.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Rangæings.

Stefndi er verktakafyrirtækið Energoprojekt, Sigöldu í Rangárvallasýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að það atferli stefnda, að láta þá

| | | |
|---------------------|-----------------|-----|
| Garðar Sigurðsson | með félagsnúmer | 24 |
| Pál V. Einarsson | — | 345 |
| Heimi Hálfðánarson | — | 344 |
| Pál Elíasson | — | 341 |
| Ólaf Kristinsson | — | 343 |
| Rúnar Guðjónsson | — | 340 |
| Guðmund Guðmundsson | — | 339 |
| Ísleif Sveinsson | — | 342 |
| Steinar Thorarensen | — | 251 |
| Sigurð Reynisson | — | 306 |
| Gunnar R. Leifsson | — | 337 |
| Rút Pálsson | — | 338 |

ekki njóta umsamins forgangréttar til starfa, verði dæmt brot í 1.

kafla 1. í kjarasamningi aðila frá 3. júlí 1975 og ólögmaett af þeim sökum. Einnig er þess krafizt, að stefnda verði dæmd refsing vegna sammingsbrots þessa skv. 65. gr. laga nr. 80/1938 og að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Stefnda krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hið stefnda verktakafyrirtæki hefur með höndum framkvæmdir við raforkuverið við Sigöldu. Þann 19. júlí 1974 var gerður kjarasamningur milli stefnda og verkamannadeildar Verkalýðsfélagsins Rangæings, iðnaðarmannadeildar Verkalýðsfélagsins Rangæings, Bilstjórafélags Rangæinga, Verzlunarmannafélags Rangæinga, Rafiðnaðarsambands Íslands og Múrarasambands Íslands. Í lið 1.1. í samningi þessum segir svo: „Verkafólk, iðnaðarmenn og verslunarfólk, sem eru fullgildir meðlimir ofangreindra verkalýðsfélaga og sambanda hafa forgangsrétt til vinnu hjá Energoprojekt við Sigölduvirkjun.“ — Þann 3. júlí 1975 var gerður nýr samningur um kaup og kjör starfsmanna við byggingu Sigölduvirkjunar. Energoprojekt var sem fyrr annar aðili að sammingsgerð þessari. Viðsemjendur fyrirtækisins voru nú hins vegar þessir: Verkalýðsfélagið Rangæingur, verkamanna- og iðnaðardeildir, Sveinafélag málmíðnaðarmanna í Rangárvallasýslu, Bilstjórafélag Rangæinga, Verslunarmannafélag Rangæinga, Verkamannasamband Íslands, Samband byggingamanna, Málm- og skipasmiðasamband Íslands, Rafiðnaðarsamband Íslands, Landssamband íslenzkra verzlunarmanna og Landssamband vörubifreiðastjóra. Í lið 1.1. í samningi þessum segir svo: „Fullgildir félagsmenn verkalýðsfélaganna í Rangárvallasýslu og Rafiðnaðarsambands Íslands hafa forgangsrétt til þeirrar vinnu, sem samningurinn tekur til og fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ofangreindra annarra landssambanda forgangsrétt þar næst á eftir.“ Samkvæmt lið 7.3 er gildistími sammings þessa ákveðinn frá 13. júní 1975 til 31. desember s.á. Er samningurinn uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara, en sé honum ekki sagt upp, framlengist hann um tvo mánuði í senn með því kaupi, sem í gildi var í lok samningstímans með sama uppsagnarfresti. — Samkvæmt 3. gr. laga verkamannadeildar Verkalýðsfélagsins Rangæings er 16 ára aldur skilyrði fyrir félagsaðild með fullum réttindum. — Þann

21. janúar 1985 sótti Garðar Sigurðsson, f. 24. september 1958, um vinnu hjá stefnda, en hann hafði unnið þar haustið 1974. Þann 2. febrúar sótti Páll V. Einarsson, f. 28. nóvember 1958, um vinnu hjá stefnda. Þann 21. febrúar 1975 sótti Heimir Hálfðánarson, f. 21. febrúar 1958, um vinnu hjá stefnda. Þann 1. marz 1975 sótti Páll Eliasson, f. 31. janúar 1959, um vinnu hjá stefnda. Þann 10. marz sótti Ólafur Kristinsson, f. 19. nóvember 1958, um vinnu hjá stefnda. Þann 19. marz sótti Rúnar Guðjónsson, f. 27. nóvember 1958, um vinnu hjá stefnda. Þann 20. marz 1975 sótti Guðmundur Guðmundsson, f. 1. október 1957, um starf hjá stefnda. Þann 29. marz 1975 sótti Ísleifur Sveinsson, f. 22. janúar 1958, um starf hjá stefnda. Þann 12. maí 1975 sótti Steinar Thorarensen, f. 6. desember 1957, um starf hjá stefnda. Þann 18. maí 1975 sótti Sigurður Reynisson, f. 30. september 1957, um starf hjá stefnda. Þann 20. maí 1975 sótti Gunnar R. Leifsson, f. 13. maí 1958, um starf hjá stefnda og þann 21. maí 1975 sótti Rútur Pálsson, f. 5. júní 1958, um starf hjá stefnda.

Af framangreindum mönnum var Rúnar Guðjónsson ráðinn til starfa hjá stefnda 30. júní 1975, Guðmundur Guðmundsson þann 28. júlí 1975 og Sigurður Reynisson þann 28. júlí 1975. Aðrir af framangreindum mönnum hafa ekki verið ráðnir til starfa hjá stefnda á grundvelli framangreindra umsókna. Með bréfi, dags. 29. júlí 1975, itrekaði fyrrsvarsmaður sóknaraðila mótmæli gegn broti stefnda á forgangsréttarákvæði kjarasamnings aðilanna, þar sem fullgildir félagsmenn hefðu verið sniðgengnir við ráðningu vegna þess að þeir hefðu ekki náð 18 ára aldri, en í þeirra stað verið ráðnir menn, sem víkja ættu fyrir félagsmönnum sóknaraðila. Var því jafnframt lýst yfir, að málið yrði lagt fyrir dómstóla ef ekki yrði bætt úr þessu fyrir 5. ágúst.

Krafa stefnanda er byggð á því, að framangreindir menn, sem allir hafi náð 16 ára aldri er þeir sóttu um starf hjá stefnda, hafi verið fullgildir félagsmenn verkamannadeildar Verkalýðsfélagsins Rangæings. Samkvæmt forgangsréttarákvæði kjarasamnings aðilanna frá 3. júlí 1975 hafi þeir átt rétt til starfa hjá stefnda framfar félagsmönnum annarra verkalýðsfélaga. Þrátt fyrir þetta hafi aðeins þrír framangreindra manna verið ráðnir til starfa hjá stefnda eftir 2—4 mánaða bið og eftir að fjöldi utanhéraðsmanna, sem hvorki hafi verið félagar í Verkalýðsfélaginu Rangæingi né Rafiðnaðarsambandi Íslands, hafi

verið ráðnir til starfa, en hinir hafi enga vinnu fengið hjá stefnda. Við gerð kjarasamnings aðilanna hafi stefndi ekki haft uppi neinn fyrirvara um aldurstakmörk við ráðningu starfsmanna, enda hafi engri slíkri takmörkun verið beitt við fullgilda félagsmenn verkalýðsfélagsins við ráðningar árið áður. Því hafi félagsmenn og fyrisvarsmenn verkalýðsfélagsins mátt treysta því, að forgangsréttarákvæði kjarasamningsins yrði virt. Með framangreindu atferli hafi stefndi brotið ákvæði kjarasamnings aðilanna um forgangsrétt félagsmanna verkamannadeildar Verkalýðsfélagsins Rangæings.

At hálfu stefnda kemur fram, að framkvæmdir við Sigöldu hafa hafist haustið 1983, en veruegur skriður ekki komist á þær fyrr en sumarið 1974. Veturinn 1974—1975 hafi orðið stefnda mjög erfiður vegna tíðarfars og annarra ástæðna. Vorið 1975 hafi verið gerðar ýmsar breytingar á framkvæmd verksins og hafi ein þeirra verið sú, að almennt skyldu ekki ráðnir til starfa yngri menn en 18 ára. Ákvörðun þessi hafi verið studd mörgum og veigamiklum rökum, en þungst hafi verið á metunum öryggi starfsmanna og velferð óþroskaðra unglunga, því að lengd vinnutíma og verkefni við Sigöldu séu þeim alls ekki ætlandi. Slík aldursmörk hafi oftast í reynd verið við stórframkvæmdir hér á landi. Hafi verkalýðsfélög látið þau óátalin hingað til og sé líklegt, að þau hefðu krafist slíkra takmarkana, ef verktakar hefðu ekki sett þær. — Eru rökinn fyrir sýknukröfu stefnda þau, að ákvæðið um forgangsrétt í lið 1.1. í kjarasamningi aðilanna haggi á engan hátt rétti stefnda til að setja almenn ráðningarskilyrði innan eðlilegra marka, svo sem aldursskilyrði það, sem sett hafi verið um ráðningu starfsmanna. Eigi þetta við um skilyrði, sem lúti að auknu öryggi á vinnustað, hvort sem um sé að ræða öryggi hvers einstaklings eða þeirra starfsmanna, sem vinna við hlið hans. Væri það raunar ámælisvert, ef verktaki setti ekki slík mörk og megi í því sambandi vísa til 5. og 8. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Einnig megi vísa til samþykktar 58. Alþjóðavinnuálagingsins í Genf 1973 nr. 138, 3. gr. 1. tl., þótt samþykkt þessi hafi ekki enn verið staðfest hér á landi, enda þótt Ísland sé aðili að Alþjóðavinnuálastofnuninni. Flest verkefni við Sigöldu séu alls ekki meðfæri unglunga. Þau krefjist starfsreynslu og dómgreindar þroskaðra manna, auk þess sem flest störfín séu ofviða unglíngum vegna líkamlegrar og andlegrar áreynslu. Þótt unglíngar 16 og 17 ára að aldri geti samkvæmt lögum verkalýðsfélaga verið fullgildir félagar, þurfi alls ekki að felast í því,

að þeir séu færir til allra starfa. Einnig sé ekkert því til fyrirstöðu að líkamlega og andlega vanheilir menn séu fullgildir félagsmenn verkalyðsfélaga, en væntanlega mundi enginn óska þess, að menn með slíka annmarka ynnu störf, sem unnin eru við Sigöldu, en þeir gætu hins vegar verið fullfærir að vinna ýmis önnur störf. Sama hljóti að gilda um störf unglunga. Stefndi hafi hins vegar synt þa tillitsemi að ráða til starfa nokkra unglunga innan 18 ár aldurs, en þeir hafi yfirleitt verið við ýmiskonar léttari störf. Frá 1. júní 1975 hafi verið ráðnir til starfa við Sigöldu 160—170 menn og af þeim hafi 6 verið innan 18 ára aldurs, þar af 5 Rangæingar. Sá eini, sem ekki hafi verið Rangæingur hafi verið í vinnu 11 daga áður en hann varð 18 ára. Geti það varla talizt alvarlegt brot, enda muni enginn þeirra Rangæinga, sem mál þetta er risið af, vera svo gamall. Í málflutningi stefnda hefur verið greint frá því að á staðnum starfi sérstakur vinnuflokkur eftir sérstökum „bonus“ samningi og sé hann undir stjórn ákvedins manns. Megi vera, að þar starfi einhverjir menn yngri en 18 ára, þar á meðal einhver þeirra Rangæinga, sem ráðnir voru. Verkefni vinnuflokks þessa sé járnabeygingar og járnabindingar og sé verulegur hluti starfsins unnin á sérstöku afmörkuðu, hættulitlu svæði og jafnvel innan húss. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að gengið hafi verið eins langt til móts við verkamannadeild Verkalýðsfélagsins Rangæings við ráðningu starfsmanna og frekast sé hægt að ætlast til. Rangæingar séu um þriðjungur starfsmanna við Sigöldu, en á félagssvæði Verkalýðsfélagsins Rangæings búi aðeins um 3% þjóðarinnar. Sigölduvirkjun sé hins vegar reist til að þjóna rúmlega helmingi landsmanna og í framtíðinni þjóðinni allri. Framkvæmdirnar við Sigöldu hafi verið boðnar út á alþjóðlegum markaði og hafi ekki aðrir fengið að bjóða í þær en verktakar, sem Alþjóðabankinn viðurkenni. Sé eðlilegt að slíkir verktakar haldi sig að alþjóðlegum reglum eins og t.d. 18 ára aldursmarki starfsmanna, sem standi skýrum stöfum í 3. gr. 1. t. samþykktar 58. Alþjóðavinnumálþingsins 1973. Þá er og bent á, að í liðum 1.38 og 1.39 í kjarasamningi aðilanna séu ákvæði um álag á laun fyrir óþrifavinnu og áhættuþóknun fyrir sérstök störf. Sé nú starfandi gerðardómur til að meta áhættu þessa, en hins vegar hafi verið samið um 4% jafnaðaralag vegna erfiðis við steypuvinnu. Við framkvæmdirnar við Sigöldu sé mjög lítið af verkefnum fyrir liðléttinga og því sé rétt og sjálfsagt að setja aldursmörk við ráðningu starfsmanna svo sem stefndi hafi gert.

Loks hefur af hálfu stefnda verið skírskotað til álits þeirra forystu-
manna verkalýðshreyfingarinnar, sem gefið hafa skýrslu hér fyrir
dómi, að slíkar aldurstakmarkanir séu eðlilegar á vinnustöðum sem
Sigöldu. Öryggismálastjóri ríkisins hafi og tekið í sama streng.

Hilmar Jónasson, formaður verkamannadeildar Verkalýðsfélags-
ins Rangæings, hefur skýrt svo frá, að á árinu 1974 hafi ekki verið nein
aldurstakmörk við ráðningu manna til stefnanda og hafi þá 51 maður
verið ráðinn til starfa hjá stefnda innan 18 ára aldurs. Við samninga-
viðræðurnar 1975 hafi ekki verið vikið að slíkum aldursmörkum. Í
júlímánuði 1975 hafi verið haldinn fundur með fulltrúum verkalýðs-
félaganna í Reykjavík og fyrirsvarsmönnum stefnda um þetta atriði,
en Verkalýðsfélagið Rangæingur hafi ekki átt neina aðild að þeim
fundi. Auk venjulegrar byggingarvinnu kveður Hilmar unnin ýmis létt
störf við Sigöldu, svo sem aðstoð við mælingamenn, timburrökkun
og naglhreinsun, handlöngun hjá trésmiðum, o.fl.

Sigurður Óskarsson, framkvæmdastjóri fulltrúaráðs stéttarfélag-
anna í Rangárvallasýslu og starfsmaður Verkalýðsfélagsins Rangæ-
ings kveður fulltrúa Landsvirkjunar hafa komið til sín eftir áramót
1974—1975 og skýrt sér frá, að fyrirsvarsmenn stefnda kvörtuðu yfir
því, að stéttarfélagin í Rangárvallasýslu þröngvuðu stefnda til að taka
í vinnu unglinga í skjóli forgangsréttar. Af þessu tilefni kveðst Sigurð-
ur ásamt fulltrúanum hafa athugað starfsmannaskrár, sem fyrir lágu,
og hafi þær sýnt, að mun fleiri unglingar hefðu verið ráðnir í Reykja-
vík af verkstjórum stefnda en fengið hefðu vinnu fyrir milligöngu
fulltrúaráðsins. Hins vegar kveðst Sigurður ekkert hafa heyrt frá
stefnda um þetta. Sigurður kveðst svo hafa tekið þátt í undirbúningi
kjarasamnings þess, sem undirritaður var 3. júlí 1975. Í þeim samn-
ingaviðræðum hafi aldrei komið fram af hálfu stefnda, að fyrirhugað
væri að setja aldurslágmark við ráðningu starfsmanna og engar
athugasemdir verið gerðar við lið 1.1 í kjarasamningunum. Fljótlega
eftir að gengið var frá samningum hafi orð fallið um það í samtölum
við ráðningarstjóra stefnda, Pétur Pétursson, að fyrirtækið hygðist
setja einhver takmörk á ráðningu starfsmanna. Kveðst hann hafa
heyrt bæði minnt á 18 ára og 20 ára lágmarksaldur. Kveðst Sigurður
ásamt Hilmari Jónassyni hafa mótmælt þessum hugmyndum bæði við
Pétur Pétursson og annan starfsmanna stefnda. Sigurður kveður
verkalýðsfélagið ekki hafa fengið neina skriflega tilkynningu um þá
ákvörðun stefnda, að setja aldursmörk, en er ljóst hafi orðið, að

stefndi ætlaði ekki að sinna vinnuumsóknum allmargra félagsmanna verkalýðsfélagsins Rangæings, sem voru á aldrinum 16—17 ára, hafi Hilmar Jónasson mótmælt því skriflega, en þeim mótmælum ekki verið sinnt.

Guðmundur J. Guðmundsson, varaformaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, var fulltrúi Verkamannasambands Íslands við gerð kjarasamnings milli stefnda og sóknaraðila, sem undirritaður var 3. júlí 1975, og skrifaði undir samninginn. Hann kveður sér ekki kunnugt um forsögu málsins, enda hafi hann ekki tekið þátt í samningaviðræðum fyrr en í júnímánuði 1975. Þá hafi þegar komið fram í viðræðum við forráðamenn stefnda, að aldursmark væri 18 ár. Síðar hafi verið haldinn samningafundur og á honum hafi fulltrúar frá hlutadeigandi sérsambandi verið viðstaddir, en af einhverjum ástæðum hafi fulltrúar frá Verkalýðsfélaginu Rangæingi ekki verið þar. Þar hafi verið rædd túlkunaratriði á nokkrum greinum samningsins og hafi starfsmannastjóri stefnda, Pétur Pétursson, lýst því, að fyrirtækið vildi halda sig við 18 ára aldursmarkið. Hafi þarna komið fram sú afstaða sérsambandanna, að þau hefðu ekkert við þetta að athuga. Segir Guðmundur Verkamannasamband Íslands ekki hafa mótmælt því, að stefndi setti þessi aldurstakmörk við mannaáráðningar, en telja eðlilegt, að haft væri samráð við samningsaðila, þegar slík mörk væru sett. Kveðst hann ekki telja óeðlilegt, að slíkar aldurstakmarkanir séu settar á vinnustöðum þar sem sérstaklega hagi til. Slík 18 ára lágmarksaldursmörk hafi verið sett við virkjunarframkvæmdir við Búrfell og hafi verkalýðsfélög, sem þar áttu hlut að máli, talið þau eðlileg og samþykkt þau, Einnig segist Guðmundur minnst þess frá virkjunarframkvæmdum við Sogsvirkju, að þar hafi aldursmörk verið sett með samkomulagi aðila. Sjálfur kveðst Guðmundur vera andvígur því af öryggis- og heilsuverndarástæðum, að unglingar 16 og 17 ára gamlir vinni 12 tíma á sólarhring 11—12 daga samfeltt við vinnu þar sem mikið sé um sprengingar og notkun stórvirkra vinnuvéla. Ekki þoli heldur allir unglingar á þessum aldri að vinna í óbyggðum, þar sem fjölmenni sé saman komið. Telur hann það algjört skilyrði, að ungmennum á þessum aldri séu ætluð sérstök störf og vinnutími þeirra sé skemmri en 12 stundir. Sé þetta sín skoðun og afstaða Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi verið hin sama.

Benedikt Davíðsson, formaður Sambands byggingamanna kveður sér hafa verið kunnugt um, að stefndi hafi sett 18 ára aldursmörk við

mannaráðningar og hafi Samband byggingamanna ekki mótmælt þessu. Störf og aðstæður á vinnustað geti verið þannig, að slíkar takmarkanir eigi rétt á sér og telji hann, að vinnuveitanda sé slíkt heimilt. Samband sitt hafi ekki gert neinar samþykktir þar að lútandi og minnst hann þess að slík aldursmörk hafi verið sett við ráðningu starfsmanna við virkjunarframkvæmdir við Sog og Búrfell.

Þórir Daniélsson, framkvæmdastjóri Verkamannasambands Íslands kveður sér kunnugt um, að stefndi hafi sett aldursmörk við ráðningu starfsmanna að Sigöldu. Hafi þá verið haft í huga, að vinnu við svo stór mannvirki fylgi meiri hættu en á almennum vinnustöðum og tæplega sé hægt að gera ráð fyrir, að unglingar, sem ekki hafi náð 18 ára aldri geri sér jafnvel grein fyrir því og þeir, sem eldri eru. Einnig er á það að líta, að unglingar á þessum aldri séu ekki fullmótaðir og geti því orðið fyrir óheppilegum áhrifum á vinnustað þar sem svo margir eru saman komnir. Þórir kveður aldurstakmörkum ekki hafa verið mótmælt af hálfu Verkamannasambands Íslands.

Í málinu hefur verið lögð fram svofelld umsögn öryggismálastjóra: „Vegna fyrirspurnar yðar skal tekið fram að ég mæli gegn því að starfsmenn við byggingar- og útistörf við virkjunarstarfsemi svo sem við Sigöldu og aðrar álíka vinnustaði séu yngri en 18 ára. Fyrst um sinn mun ég þó ekki leggja gegn því að tækja- og bifreiðastjórum verði leyft að vinna á stöðum sem þessum, ef þeir hafa tilskilin réttindi enda felst í þeim kennsla um afmarkað starfssvið þeirra, stjórn tækjanna. Hinn almenni vettvangur starfsins er hins vegar þannig að ég tel ekki unnt að kenna varnir gegn slysum og öðrum ófarnaði, sem þar getur orðið nema menn hafi vissan aldursþroska sem ég tel að ekki megi miðast við lægra en 18 ára aldur.

Ég bendi hér með á 5. gr. laga 23/1952 og tel að ef slys yrðu þar, sem yngri en 18 ára maður ætti hlut að, teldi ég vinnuveitanda ekki hafa fylgt þeirri skyldu sinni, sem á hann er lögð ef hann hefði yngri starfsmenn en 18 ára við störf sem eru jafn áhættumikil og svæðið við Sigöldu. Í 8. gr. sömu laga er gert ráð fyrir að verkamenn yngri en 18 ára séu ekki við hættumikil störf en vegna þess hve margþætt og breytilegt starfssvið og starfsskilyrðin eru við svona vinnustað, sem þann, sem hér um getur, tel ég hann geta verið mjög hættulegan.“

Álit dómsins:

Yfirvöld hafa ekki sett reglur um lágmarksaldur verkamanna við hættuleg störf á grundvelli 8. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstaf-

anir á vinnustöðum. Á grundvelli 41. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna, sbr. reglugerð nr. 105/1970 um vernd barna og ungmenna hafa heldur ekki verið settar reglur sem binda almenna verkamannavinnu við 18 ára lágmarksaldur svo ótvírætt sé. Í samþykkt 58. Alþjóðavinnuálagingsins í Genf 1973 nr. 138, 3. gr. 1. t. er ákveðinn 18 ára lágmarksaldur við vinnu eða starf, sem í edli sínu eða vegna aðstæðna við framkvæmd þess er líklegt til að stofna í hættu heilbrigði, öryggi eða siðgæði ungmenna. Samþykkt þessi hefur ekki lagagildi hér á landi og verður ákvæðum hennar því ekki beitt í máli þessu. Í kjarasamningi aðilanna frá 19. júlí 1974 var verkafólki, iðnaðarmönnum og verzlunarfólki, sem voru félagar í stéttarfélögum og samböndum, er að þeim samningi stóðu, þar á meðal verkamanna-deild Verkalýðsfélagsins Rangæings, áskilinn forgangsréttur til vinnu hjá stefnda við Sigöldu. Ekki er ágreiningur um það, að á árinu 1974 voru ráðnir til starfa hjá stefnda við Sigöldu unglingar innan 18 ára aldurs. Við gerð kjarasamningsins 3. júlí 1975 var félagsmönnum verkalýðsfélaganna í Rangárvallasýslu og Rafiðnaðarsambands Íslands áskilinn forgangsréttur til þeirrar vinnu hjá stefnda, sem samningurinn tekur til. Hefur ekki verið leitt í ljós, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi, er þeir gerðu samninginn við verkamannadeild Verkalýðsfélagsins Rangæings, áskilið 18 ára lágmarksaldur við ráðningu starfsmanna.

Þeir félagsmenn sóknaraðila, sem nefndir eru í kröfugerð hans, sóttu að vísu allir um störf hjá stefnda áður en gildistími kjarasamningsins frá 3. júlí 1975 hófst, en samkvæmt lið 7.3 gildi hann frá 13. júní 1975. . Ekki hefur því þó verið haldið fram af hálfu stefnda, að umsóknir þessara manna hafi ekki verið í gildi eftir að hið nýja samningstímabil hófst. Verður því að leggja umsóknirnar til grundvallar, enda réð stefndi síðar þrjá þessara manna, Rúnar Guðjónsson, Guðmund Guðmundsson og Sigurð Reynisson, til starfa, áður en þeir náðu 18 ára aldri. Í málinu hefur verið lögð fram skrá yfir menn, sem ráðnir voru til stefnda á tímabilinu 1. júní til 29. júlí 1975. Sýnir hún, að auk þriggja síðastgreindra manna voru ráðnir 77 menn, þar af 58 búsettir utan Rangárvallasýslu og af þeim er einn, sem hóf starf hjá stefnda, áður en hann varð 18 ára. Er viðurkennt af hálfu stefnda, að af 160—170 mönnum, sem ráðnir voru til starfa við Sigöldu frá 1. júní 1975, hafi 6 verið innan 18 ára aldurs, þar af 5 Rangæingar. Hefur stefndi því ekki fortakslaust beitt 18 ára aldurslágmarkinu við ráðn-

ingu starfsmanna sinna. Ekki hafa verið hafðar uppi aðrar mótbáru gegn ráðningu þeirra félagsmanna sóknaraðila, sem nefndir eru í kröfugerð stefnanda en þær, að þeir hafi ekki náð 18 ára aldri. Verður því að líta svo á, að með því að synja ráðningu manna eða draga ráðningu þeirra meðan aðrir menn utan verkamannadeildar Verkalýðsfélagsins Rangæings voru ráðnir til starfa hafi stefndi ekki fyllilega gætt gagnvart sóknaraðila forgangsréttarákvæðisins í lið 1.1. í I. kafla kjarasamningsins frá 3. júlí 1975 og ber því að taka kröfu sóknaraðila til greina að því leyti. Ekki eru eins og á stendur efni til að dæma stefnda refsingu skv. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Sigurður Línal, Árni Guðjónsson og Hafsteinn Baldvins-son.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Energoprojekt, hefur á framangreindan hátt brotið gagnvart verkamannadeild Verkalýðsfélagsins Rangæings for- gangsréttarákvæði í lið 1.1 í I. kafla kjarasamnings aðila frá 3. júlí 1975 með því að láta áðurgreinda 12 félagsmenn sóknaraðila ekki njóta forgangsréttar til starfa.

Stefndi skal vera sýkn af refsikröfu stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.
